

## Reglur um sérflokk

### KAFLI I.

#### Almennt

##### *Markmið*

##### 1. gr.

Söluflokknum sérflokki er ætlað að tryggja fjölbreytileika og gæði í vöruúrvali ÁTVR.

##### *Gildissvið*

##### 2. gr.

Reglur þessar gilda um inntöku, brottfall, merkingar og birgðahald vörutegunda í söluflokknum sérflokki skv. 20. gr. reglugerðar, nr. 1106/2015 um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi.

### KAFLI II.

#### Inntaka (val) vöru í sérflokk

##### *Almennt*

##### 3. gr.

Inntaka vöru í sérflokk skal grundvallast á ákvæðum 4. og/eða 5. gr.

##### *Aukin fjölbreytileiki og gæði*

##### 4. gr.

Ákvörðun ÁTVR um inntöku vöru í sérflokk skal grundvallast á heildstæðu mati ÁTVR á því hvort að vara auki fjölbreytileika í vöruvali og/eða auki gæði vöruvals með sérstökum hætti.

Við matið horfir ÁTVR til neðangreindra atriða:

- a. hráefnis,
- b. framleiðsluáferðar,
- c. bragðs,
- d. framleiðslusvæðis,
- e. lítramáls,
- f. umbúðagerðar,
- g. söluverðs,
- h. styrkleika vínanda miðað við rúmmál,
- i. orðspors,
- j. niðurstöðu skynmats,
- k. tímabundinna áherslna í vöruvali

Vara skal almennt ekki tekin inn í sérflokk, skv. þessari grein, nema:

- a. að undangengnu brottfalli úr reynslu- eða kjarnafllokki, sbr. 2. mgr. 20. gr. reglugerðar, nr. 1106/2015 um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi og
- b. að uppfylltum árangursviðmiðum skv. reglum um árangursviðmið söluflokka.

Þrátt fyrir ákvæði a liðar 2. mgr. er ÁTVR heimilt að samþykkja umsókn um sölu á vöru í sérflokki, án undangengins brottfalls úr reynslu- eða kjarnafllokki, ef sérstaða vöru er mjög mikil að virtum þeim atriðum sem upp eru talin í staflíðum 1. mgr.

*Gjafaumbúðir*

## 5. gr.

Vara í gjafaumbúðum fellur ávallt í sérflokk sbr. 3. mgr. 20. gr. reglugerðar, nr. 1106/2015 um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi.

Umbúðir teljast gjafaumbúðir ef:

- a. hefðbundnar (innri) umbúðir vöru eru huldar, að hluta eða öllu leyti, með veglegum ytri umbúðum sem ætlað er að spara kaupanda, sem hyggst gefa vöruna, fyrirhöfn við innpökkun og/eða skreytingar.
- b. þær geyma tvær eða fleiri sölueiningar sem unnt er að bjóða til sölu sem sjálfstæðar vörur. Engu breytir hvort að hinar sjálfstæðu sölueiningar séu eins eða ólíkar. Þrátt fyrir framangreint teljast umbúðir ekki gjafaumbúðir ef hefð stendur til þess að bjóða vöru til sölu í svokölluðum fjölpakk og heimilt er að rjúfa fjölpakkið, t.d. bjór, cíder, gosblanda o.fl. í kippum o.s.frv.

**KAFLI III.****Brottfall úr sérflokki***Almennt*

## 6. gr.

Vara fellur úr sérflokki þegar sölutímabili hennar lýkur í samræmi við neðangreind ákvæði þessarar greinar.

Samfellt sölutímabil vöru í sérflokki skal ekki vera styttra en 12 mánuðir og ekki lengra en 60 mánuðir.

Á u.þ.b. 4 mánaða fresti skal ÁTVR endurskoða áframhaldandi sölu vöru í sérflokki. Vara skal almennt felld úr sérflokki ef hún uppfyllir ekki árangursviðmið skv. reglum um árangursviðmið söluflokka.

ÁTVR heimilt að víkja frá ákvæðum 2. og 3. mgr. við sérstakar aðstæður, t.d. vegna tímabundinna áherslna í vöruvali, vöruvöntunar í grunnvöruúrvali o.fl.

**KAFLI IV.****Birgðahald***Birgðahald*

## 7. gr.

Almennt skal ÁTVR eiga birgðir af vöru í sérflokki sem jafngildir áætlaðri 2-3 vikna sölu. Heimilt er að víkja frá framangreindri reglu þegar sérstaklega stendur á, t.d. þegar um sérstaklega fágæta og/eða dýra vöru er að ræða.

**KAFLI V.****Merkingar***Almennt*

## 8. gr.

Að öðru leyti en tiltekið er í þessari grein þá gilda almennar reglur um merkingar vöru í sérflokki, þ.m.t. um vörur í gjafaumbúðum sbr. 2. mgr. 5. gr.

Vara í gjafaumbúðum skv. 2. mgr. 5. gr. telst merkt með fullnægjandi hætti jafnvel þó tilteknar merkingar skorti á eiginlegar gjafaumbúðir hennar að því gefnu að innri umbúðir vörunnar beri

fullnægjandi merkingar, um þau atriði sem skortir á gjafaumbúðirnar, sem greina má fyrirhafnarlaust í gegnum gjafaumbúðirnar.

Nú geyma gjafaumbúðir, skv. b lið 2. mgr. 5. gr., tvær eða fleiri ólíkar söluveiningar sem unnt er að bjóða til sölu sem sjálfstæðar vörur og söluveiningarnar innihalda ólíkt magn (lítramál). Fullnægjandi er þá að:

- a) tilgreina samanlagt magn (lítramál) beggja/allra söluveininga eða
- b) tilgreina sundurliðað magn (lítramál) hvorrar/hvorrar söluveiningar fyrir sig, t.d. „700 og 750 ml“ eða „4×330 ml“

Nú geyma gjafaumbúðir, skv. b lið 2. mgr. 5. gr., tvær eða fleiri ólíkar söluveiningar sem unnt er að bjóða til sölu sem sjálfstæðar vörur og söluveiningarnar innihalda ólíkan styrkleika vínanda (miðað við rúmmál). Fullnægjandi er þá að:

- a) tilgreina vegið meðatal af styrkleika vínanda (m.v. rúmmál) eða
- b) tilgreina styrkleika vínanda (m.v. rúmmál) hvorrar/hvorrar vörutegundar fyrir sig.

Nú geyma gjafaumbúðir, skv. b lið 2. mgr. 5. gr., tvær eða fleiri ólíkar söluveiningar sem unnt er að bjóða til sölu sem sjálfstæðar vörur og söluveiningarnar bera ólíkar dagsetningar um neyslutíma („best fyrir“). Fullnægjandi er þá að:

- a) tilgreina, eingöngu, dagsetningu um neyslutíma („best fyrir“) þeirrar vörutegundar sem á skemmstan líftíma eftir eða
- b) tilgreina dagsetningu um neyslutíma („best fyrir“) hvorrar/hvorrar vörutegundar fyrir sig.

## **KAFLI VI.**

### **Annað**

#### *Gildistaka o.fl.*

##### 9. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 20. gr. reglugerðar nr. 1106/2015 með síðari breytingum.

Reglur þessar taka nú þegar gildi að frátöldum ákvæðum b liðar 2. mgr. 4. gr. og 6. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2017.

Reykjavík, 11. október 2016,

Sigrún Ósk Sigurðardóttir